

1965 nr. 64 21. maí**Lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna****I. kafli. . . .¹⁾**¹⁾ L. 48/1987, 23. gr.**II. kafli. Rannsóknastofnanir.**

■ **9. gr.** Á vegum ríkisins skulu starfræktar eftirtaldar rannsóknastofnanir, eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum: Hafrannsóknastofnunin. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Rannsóknastofnun iðnaðarins. Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

□ . . .¹⁾¹⁾ L. 61/1994, 26. gr.**III. kafli. Hafrannsóknastofnunin.**

■ **10. gr.** [Hafrannsóknastofnunin er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið.]¹⁾

¹⁾ L. 72/1984, 1. gr.

■ **11. gr.** [Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, einn tilnefndur af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar og einn tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

□ Sömu aðilar tilnefna varamenn.

□ Ráðherra skipar formann stjórnar.]¹⁾¹⁾ L. 72/1984, 1. gr.

■ **12. gr.** [Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og tekur ákvarðanir um meginatriði í stefnu og starfi hennar. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um starfs- og fjárhagsáætlun og staðfestir reikninga stofnunarinnar að loknu ársuppgjöri. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um skipulag stofnunarinnar og skipun ráðgjafarnefndar skv. 15. gr. Stjórnin skal staðfesta áætlun um rannsóknaleiðangra að fengnum tillögum forstjóra og umsögn ráðgjafarnefndar.]¹⁾

¹⁾ L. 72/1984, 1. gr.

■ **13. gr.** [Sjávarútvegsráðherra skipar forstjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar [til fimm ára í senn].¹⁾ Hann [ræður]¹⁾ einnig tvo aðstoðarforstjóra að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. [Forstjóri og aðstoðarforstjórar skulu hafa lokið háskólaprófi. Annar aðstoðarforstjórnin skal vera sérfróður á sviði stjórnunar og rekstrar.]¹⁾

□ [Forstjóri ræður annað starfslíð stofnunarinnar.]²⁾¹⁾ L. 83/1997, 142. gr. ²⁾ L. 72/1984, 1. gr.

■ **14. gr.** [Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfslíðs.

□ Annar aðstoðarforstjórnin, sbr. 13. gr., skal vera forstjóra til aðstoðar um vísindaleg málefni stofnunarinnar og hinn um fjármálalegan rekstur stofnunarinnar, þ. á m. skiparekstur og starfsmannahald. Aðstoðarforstjórar eru fulltrúar forstjóra og aðstoða hann við daglegan rekstur stofnunarinnar.]¹⁾

¹⁾ L. 72/1984, 1. gr.

■ **15. gr.** [Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafarnefnd. Ráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar hvernig ráðgjafarnefndin skuli skipuð til fjögurra ára í senn. Nefndin kys sér formann og á hann rétt til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

□ Ráðgjafarnefndin fylgist með rekstri Hafrannsóknastofnunarinnar og er m.a. tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis. Hún skal

fjalla um starfsáætlanir stofnunarinnar og gerir tillögur varðandi verkefnaval og starfshætti hennar.

□ Sjávarútvegsráðherra setur ráðgjafarnefndinni erindisbréf.¹⁾²⁾

¹⁾ Erbr. 86/1985. ²⁾ L. 72/1984, 1. gr.

■ **16. gr.** [Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að starfrækja útibú utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og Alþingis að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Leita skal samstarfs við hagsmunaaðila og menntastofnanir á viðkomandi svæði og er ráðherra í því skyni heimilt að setja á stofn starfsnefndir við útibúin.

□ Hafrannsóknastofnunin skal leita samstarfs við aðrar rannsóknastofnanir um rekstur og samnýtingu útibúa eftir því sem kleift þykir.]¹⁾

¹⁾ L. 72/1984, 1. gr.

■ **17. gr.** [Markmið Hafrannsóknastofnunarinnar skulu meðal annars vera:

1. Að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt sé að nýta auðlindir þess.

2. Að afla þekkingar um eðlis- og efnafraðilega eiginleika sjávar umhverfis Ísland, einkum með tilliti til áhrifa á lífríkið.

3. Að afla þekkingar um lögum, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnins, einkum með tilliti til fiskveiða.

4. Að rannsaka lífsskilyrði og lífnaðarhætti sjávargróður, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.

5. Að treysta undirstöður vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu hefðbundinna nytjastofna er stefni að hámarksafrakstri Íslandsmíða.

6. Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríki sjávar.

7. Að stunda rannsóknir á eldi sjávarlífvera.

8. Að stunda rannsóknir sem miða að aukinni fjölbreytni í öflun sjávarfangs.

9. Að veita stjórnvöldum, sjávarútvegi og öðrum aðilum ráðgjöf og þjónustu varðandi nýtingu á auðlindum Íslandsmíða.

10. Að koma á framfæri upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings um niðurstöður rannsóknarstarfseminnar.]¹⁾

¹⁾ L. 72/1984, 1. gr.

■ **18. gr.** [Til að ná markmiðum, sem um getur í 17. gr., skal stjórn gera tillögur um skipulag Hafrannsóknastofnunarinnar sem skal staðfest af ráðherra. Leitast skal við að skipulag stofnunarinnar sé sveigjanlegt og stuðli að sem bestri nýtingu á mannafla, tækjum og fjármagni stofnunarinnar á hverjum tíma.]¹⁾

□ [Hafrannsóknastofnuninni er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjávarútvegsráðherra, að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.]²⁾

¹⁾ L. 72/1984, 1. gr. ²⁾ L. 132/1990, 1. gr.**IV. kafli. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.**

■ **19. gr.** Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið.

■ **20. gr.** Í stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu vera þrjú menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjög-

urra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

■ **21. gr.** Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

■ **22. gr.** [Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn og ræður aðstoðarforstjóra, hvort tveggja að fengnum tillögum stjórnar. Ráðherra ræður forstöðumenn sviða að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra. Forstjóri ræður annað starfsfólk. Hann skal hafa lokið háskólaprófi. Ráðherra ákveður stjórnskipulag Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.]¹⁾

¹⁾ L. 83/1997, 143. gr.

■ **23. gr.** Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfslíðs.

■ **24. gr.** Við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn: Fiskifélag Íslands. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Félag íslenskra fiskimjölframleiðenda. Samband ísl. samvinnufélaga. Síldarútvegsnefnd. Samlag skreiðarframleiðenda. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Félag fiskniðursjóðenda. Sjómannasamband Íslands. Alþýðusamband Íslands. Stéttarsamband fiskiðnaðarins. Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

□ Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni. Nefndin kys sér formann. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og fiskiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórnarnefnd til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.

□ Sjávarútvegsráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvornig vali nefndarinnar skuli hagað.

■ **25. gr.** Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ásamt Haf-rannsóknastofnuninni eigandi hússins Skúlagötu 4 í Reykjavík. Þegar byggingarnefnd hússins Skúlagötu 4 hefur lokið störfum, annast stjórnir fiskiðnaðarstofnunarinnar og Haf-rannsóknastofnunarinnar rekstur hússins og önnur mál, er varða þessar stofnanir sameiginlega.

■ **26. gr.** Verkefni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu meðal annars vera:

1. Rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins til þess að tryggja fyllstu nýtingu hráefnanna og gæði afurðanna.

2. Aðstoð og leiðbeiningar við fiskiðnaðinn við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðar.

3. Kynning á nýjungum í fiskiðnaði, tækjum og vinnsluáðferðum og prófun á gagnsemi þeirra.

4. Nauðsynleg rannsóknþjónusta við fiskiðnaðinn.

5. Námskeið fyrir matsmenn, vélstjóra og verkstjóra í fiskiðnaðinum.

6. Kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðsluritum.

■ **27. gr.** Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 26. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalnu verksvið:

1. Efnafraðirannsóknir.
2. Efnaverkfræðirannsóknir.
3. Gerlafraðirannsóknir.

4. Rannsóknir á sviði véla- og verksmiðjutækni.

■ **28. gr.** [Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfrækir og kostar rannsóknastofur utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins. Leita skal samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi svæði. Sömuleiðis skal athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum.

□ Rannsóknastofur þessar skulu veita fiskiðnaði og öðrum matvælaíðnaði á viðkomandi svæði þjónustu með rannsókn-um, gæðaeftirliti og leiðbeiningum gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.]¹⁾

□ [Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjávarútvegsráðherra, að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.]²⁾

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr. ²⁾ L. 71/1989, 1. gr.

V. kafli. Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

■ **[29. gr.]**¹⁾ Rannsóknastofnun landbúnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ **[30. gr.]**¹⁾ Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skulu vera þrjú menn, skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn [Bændasamtaka Íslands]²⁾ og einn tilnefndur af tilraunaráði stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr. ²⁾ L. 73/1996, 9. gr.

■ **[31. gr.]**¹⁾ Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ **[32. gr.]**¹⁾ [Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi.]²⁾ Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslíð hennar.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr. ²⁾ L. 83/1997, 80. gr.

■ **[33. gr.]**¹⁾ Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfslíðs.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ **[34. gr.]**¹⁾ Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins er tilraunaráð. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í ráðið til fjögurra ára í senn: Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni skv. 1.–5. tölul. 35. gr.,²⁾ tvo menn og sé annar þeirra starfandi tilraunastjóri á tilraunastöð í jarðrækt. Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni skv. 6.–9. tölul. 35. gr.,²⁾ tvo menn. [Bændasamtök Íslands fjóra menn, þar af tvo landsráðunauta. . . .³⁾ Bændaskólarnir tvo menn. Garðyrkjuskóli ríkisins einn mann.]⁴⁾

□ Forstjóri stofnunarinnar á sæti í tilraunaráði.

□ Ráðið kys sér formann.

□ Tilraunaráðið er tengiliður milli stofnunarinnar og hinna ýmsu greina landbúnaðarins. Það er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðið er ólaunað.

□ Landbúnaðarráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í tilraunaráði og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr. ²⁾ Nú 36. gr., sbr. l. 107/1974, 1. gr. ³⁾ L. 112/1999, 1. gr. ⁴⁾ L. 73/1996, 9. gr.

■ [35. gr.]¹⁾ Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal annast eða hafa umsjón með öllum rannsóknum og tilraunum á sviði landbúnaðarins, sem fé er veitt til á fjárlögum, og falla undir eftirtalin verkefni:

1. Rannsóknir og tilraunir til öflunar vísindalegrar og hagnýtrar þekkingar og reynslu í undirstöðuatriðum jarðræktar og búfjárræktar.

2. Rannsóknir á orsökum þess, að landgæði spillast eða landnytjar ganga úr sér, og tilraunir með varnarráðstafanir.

3. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins, sem miða að betri og fullkomnari nýtingu.

4. Þjónusta við landbúnaðinn með rannsóknum.

5. Kynning á niðurstöðum rannsókna og starfsemi stofnunarinnar í vísinda- og fræðsluritum.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ [36. gr.]¹⁾ Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 34. gr.,²⁾ skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirfarandi verksvið:

1. Jarðvegsrannsóknir, áburðar- og jarðræktartilraunir.

2. Jurtakynbætur, lífeðlisfræðirannsóknir, gróður- og frærrannsóknir.

3. Rannsóknir á beitolöndum.

4. Garðyrkju- og ylrektarrannsóknir.

5. Rannsóknir á sjúkdómum og meindýrum jurtagróðurs og varnir gegn þeim.

6. Vinnu- og verktækirannsóknir og tilraunir með búvél-ar.

7. Búfjárkyndisbætur og arfgengisrannsóknir búfjár.

8. Fóðurrannsóknir, fóðrunartilraunir og rannsóknir á fóðrunarsjúkdómum.

9. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr. ²⁾ Nú 35. gr., sbr. l. 107/1974, 1. gr.

■ [37. gr.]¹⁾ Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal fá umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar, sem ríkið á. Þar skulu framkvæmdar tilraunir í jarðrækt, búfjárrækt, heyverkun og öðru, sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

□ Stofnuninni er heimilt að semja við einstaka bændur og búnaðarsambönd um tilraunir, ræktun úrvalsfræs og annað í sambandi við starfsemi stofnunarinnar, eins og stjórnin telur hentugt.

□ [Rannsóknastofnun landbúnaðarins er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og landbúnaðarráðherra, að eiga aðild að og stofna rannsóknar- og þróunarfyrirtæki er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.]²⁾

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr. ²⁾ L. 37/2001, 1. gr.

VI. kafli. . . .¹⁾

¹⁾ L. 41/1978, 15. gr.

VII. kafli. Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

■ [47. gr.]¹⁾ Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðuneytið.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ [48. gr.]¹⁾ Í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af iðnaðarmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur

af Landssambandi iðnaðarmanna og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlausn.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ [49. gr.]¹⁾ Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ [50. gr.]¹⁾ [Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi. Forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar.]²⁾

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr. ²⁾ L. 83/1997, 67. gr.

■ [51. gr.]¹⁾ Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ [52. gr.]¹⁾ Við Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn: Alþýðusamband Íslands. Arkitektafélag Íslands. Félag íslenskra iðnrekenda. Húsa-meistari ríkisins. Húsnæðismálastofnun ríkisins. Iðnaðarmálastofnun Íslands. Landssamband iðnaðarmanna. Borgarstjórn Reykjavíkur. Sementsverksmiðja ríkisins. Teiknistofa landbúnaðarins. Vinnuveitendasamband Íslands. Raforkumálastjóri. Vegamálastjóri. Vitamálastjóri.

□ Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.

□ Nefndin kys sér formann.

□ Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og byggingaiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunúð.

□ Iðnaðarmálaráðherra getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ [53. gr.]¹⁾ Verkefni Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu meðal annars vera:

1. Endurbætur í byggingaiðnaði og lækun kostnaðar við mannvirkjagerð, þar á meðal sjálfstæðar grundvallarrannsóknir í byggingatækni, hagnýtingu húsrýmis, bæjarSKIPULAGNING og gatnagerð. Í þeim tilgangi skal stofnunin fylgjast með nýjungum í byggingaiðnaði og laga þær að íslenskum staðháttum.

2. Hagnýtar jarðfræðirannsóknir.

3. Vatnsvirkjarannsóknir.

4. Kynning á niðurstöðum rannsókna og veiting upplýsinga um byggingafræðileg efni.

5. Aðstoð við eftirlit með byggingaefnum og byggingaframkvæmdum.

6. Nauðsynleg rannsóknþjónusta í þeim greinum, sem stofnunin fæst við.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ [54. gr.]¹⁾ . . .²⁾

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr. ²⁾ L. 97/1987, 12. gr.

VIII. kafli. Almenn ákvæði.

■ [55. gr.]¹⁾ Forstjórar rannsóknastofnana, sérfræðingar og annað starfsfólk tekur laun samkvæmt gildandi kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

□ [Ráðherra ákveður deildaskiptingu í rannsóknastofnunum. Forstjóri ræður deildarstjóra viðkomandi stofnunar.

Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigrein sinni. Þó skal forstjóra heimilt að víkja frá þessu ákvæði hafi umsækjandi á annan hátt sannað vísindalega hæfni sína.]²⁾

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr. ²⁾ L. 83/1997, 68. gr.

■ [56. gr.]¹⁾ Tekjur hinna ýmsu rannsóknastofnana eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Gjöld, sem fást með álagningu á framleiðsluvörur eða á annan hátt, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

□ Framlag ríkisins, skv. 1. lið, skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst skv. 5. lið.

□ Verkefni, sem rannsóknastofnun vinnur að beiðni einkaaðila eða samtaka þeirra eða þeim til hagsbóta, skulu verðlögð í gjaldskrá, sem ráðherra setur að fengnum tillögum hlutaðeigandi rannsóknastofnana, eða samkvæmt sérstökum samningi.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ [57. gr.]¹⁾ Eignum Atvinnudeildar Háskólans skal ráðstafa þannig:

Eignir fiskideildar skulu falla til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Eignir búnaðardeildar skulu falla til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Eignum iðnaðardeildar skal skipta á milli Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins samkvæmt ákvörðun iðnaðarmálaráðuneytisins.

Húseign Atvinnudeildar á lóð Háskólans ráðstafar ríkisstjórnin í þágu íslenskrar vísindastarfsemi.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ [58. gr.]¹⁾ . . . ²⁾

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr. ²⁾ L. 61/1994, 26. gr.

■ [59. gr.]¹⁾ Ríkið kemur upp hentugum byggingum og athafnasvæðum í rannsóknahverfi til handa þeim rannsóknastofnunum, sem um getur í lögum þessum, að svo miklu leyti, sem stofnunum er ekki séð fyrir þeirri aðstöðu annars staðar, svo og rannsóknatækjum og öðrum hjálpargögnum, sem sameiginleg not geta orðið af fyrir margar rannsóknastofnanir.

□ . . . ²⁾

□ Um tilhögun bygginga og athafnasvæða skal, svo sem við verður komið, farið eftir tillögum þeirra rannsóknastofnana, sem ætlað er að nota þau.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr. ²⁾ L. 61/1994, 26. gr.

■ [60. gr.]¹⁾ Hver rannsóknastofnun hefur aðskilinn fjárhag og bókhald. Þó skal kappkosta, eins og við verður komið, að rannsóknastofnanir noti sameiginlega starfskrafta við skrifstofustörf og önnur þjónustustörf.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ [61. gr.]¹⁾ . . . ²⁾

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr. ²⁾ L. 61/1994, 26. gr.

■ [62. gr.]¹⁾ Þær stofnanir, sem um getur í lögum þessum, skulu eiga aðgang að upplýsingum, sem opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða starfsemi þeirra.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ [63. gr.]¹⁾ Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af einstaklingi, félagi eða stofnun, nema með samþykki hennar. Ef þagnarskylda er brotin, varðar það ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr.

■ [64. gr.]¹⁾ Nánari ákvæði um starfsemi stofnana þeirra, er lög þessi taka til, má setja með reglugerðum.²⁾ Þar á meðal er heimilt að ákveða breytingu á verksviðum einstakra stofnana, enn fremur að heimila sérfræðingum rannsóknastofnananna að kenna við Háskóla Íslands.

¹⁾ L. 107/1974, 1. gr. ²⁾ Rg. 125/1966; rg. 7/1976 (um prófun búvéla); rg. 138/1985 (um eftirlit og framleiðslu á lagmeti til útflutnings).